

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 25. janúar 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Breytingin tekur til lóðarinnar Hulduholts 31 og felur í sér að byggingarreitur stækkar um 0,8 m til suðurs og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,5 í 0,62.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Kjarnaskóg – gróðrarstöð.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 25. janúar 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kjarnaskóg – gróðrarstöð.

Breytingin tekur til lóðarinnar Skógargötu 2 og felur í sér að lóðin stækkar til vesturs og bætt er við nýju ræktunarsvæði vestan við núverandi ræktunarsvæði. Lóðin stækkar um 10.667 m² og verður 57.464 m² eftir stækkun.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 4. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Hlíðarfjall – skíðasvæði við Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 25. janúar 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hlíðarfjall – skíðasvæði.

Breytingin felur í sér hliðrun á byggingarreit fyrir áhaldahús til austurs um 24 m auk þess sem reiturinn er stækkaður um 10 m til norðurs. Þá er skilmálum fyrir reitinn breytt þannig að hámarks-gólfflatarmál hækkar úr 900 m² í 1.000 m².

Skilgreind er lóð umhverfis byggingarreitinn með nýtingarhlutfall 0,333.

Þá gerir breytingin ráð fyrir rotþró austan og neðan lóðarinnar ásamt því að legu þjónustuvegar er hliðrað lítillaga.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 4. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 14. febrúar 2023,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 28. febrúar 2023